

Skólanefndarfundur þriðjudaginn 28. mars kl. 16:15-18:40

- Mættir:** Arna Ásgeirsdóttir, Gunnar Árnason, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Jóney Jónsdóttir, Lilja B. Rögnvaldsdóttir, Margrét Nína Sigurjónsdóttir, Sigurgeir Höskuldsson og Þór Stefánsson.
- Forföll boðaði:** Kolbrún Ada Gunnarsdóttir. Þór Stefánsson mætti sem varamaður hennar.
- Fundarstjóri:** Lilja B. Rögnvaldsdóttir.
- Fundarritari:** Herdís Þ. Sigurðardóttir.

Jóney bauð nýja skólanefnd velkomna til starfa en þetta er fyrsti fundur nýrrar nefndar sem skipuð var af mennta- og menningarmálaráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni, þann 14. mars sl.

1. Kosning formanns

Boðað var til fundar með mjög skömmum fyrirvara þar sem fyrir skólanefnd liggur að senda umsagnir um umsækjendur um starf skólameistara FSH fyrir 29. mars. Vegna þessa skamma fyrirvara áttu ekki allir aðalmenn í nýrri skólanefnd kost á að mæta í fund. Í ljósi þessa, og þar sem ný skólanefnd hefur ekki enn fengið formlegt skipunarbréf, lagði Jóney til að kosningu um formann skólanefndar yrði frestað þangað til á næsta fundi nefndarinnar. Var það samþykkt samhljóða.

2. Umsögn skólanefndar um umsækjendur um embætti skólameistara FSH

Fyrir fundinn hafði Lilja gert drög að umsögnum sem hún dreifði til fundarmanna. Jafnframt dreifði hún umsóknarbréfum og starfsferilskráum umsækjenda til fundarmanna og kynnti fyrir fundarmönnum hlutverk skólanefndar varðandi umsóknirnar. Fundarmenn tóku sér tíma til þess að fara yfir gögnin og gerðu breytingar á drögum að umsögnum. Umsagnir nýrrar skólanefndar voru samþykktar og undirritaðar á fundinum.

3. Örstutt kynning á rekstrarlegri stöðu skólans

Jóney fjallaði stuttlega um rekstur skólans. Í máli hennar kom fram að skuld skólans við ríkissjóð var um 9,8 milljónir króna í lok árs 2016. Ekki hefur fengist reglubundið fjármagn til reksturs skólans síðan í júní 2016. Skólinn hefur náð að halda sig innan rekstraráætlunar það sem af er ári, einkum vegna samdráttar í námsframboði og lækkunar á yfirvinnu. Skólinn fékk 2,2 milljónir króna í síðustu viku í kjölfar þess að Rarik hótaði að loka fyrir rafmagn í skólanum ef rafmagnsreikningar fengjust ekki greiddir. Þessi upphæð dugar fyrir um helmingi af útistandandi skuld skólans við birgja. Skólinn er ekki enn farinn að fá rekstarfé greitt með reglulegum hætti vegna skuldar við ríkissjóð og hefur þegar greitt um 90 þúsund krónur í dráttarvexti og vanskilagjöld. Eins og staðan er núna eru um 500 þúsund krónur inni á reikningi skólans. Enn er óljóst hvernig taka eigi á rekstrarvanda skólans til frambúðar.

4. Önnur mál

Jóney greindi stuttlega frá samstarfi framhaldsskóla á Norðausturlandi.

Jóney minnti á fræðsluerindi fyrir foreldra og forráðamenn um vellíðan ungs fólks og leiðir til að efla heilsu og styrkja ungmenni í að taka afstöðu til jákvæðrar heilsuhegðunar. Héðinn Björnsson sérfræðingur hjá Landlæknisembættinu flytur erindi um jákvæða heilsuhegðun og fræðslufulltrúar Lögreglunnar á Norðurlandi eystra fjalla um fíkniefni. Fundinn halda foreldrafélög og stjórnendur FSH og Borgarhólsskóla.

Jóney greindi frá störfum afmælisnefndar FSH en skólinn á 30 ára afmæli í ár. Stofndagur skólans er 1. apríl sem í ár ber upp á laugardegi svo að ákveðið hefur verið að fyrsti liður afmælishalda verði 31. mars. Þá munu nemendur og starfsfólk skólans gera sér glaðan dag. Seinni liður afmælishalda verður haldinn þann 15. september í tilefni af því að þá verða liðin 30 ár frá fyrsta skólasetningardegi. Þann dag verður haldin dagskrá þar sem menntamálaráðherra, bæjarbúum og öðrum velunnurum skólans verður boðið.

Jóney sagði frá því að Kvenfélag Húsavíkur hygðist gefa skólanum 100 þúsund krónur úr sjóði Þórunnar Hafstein. Fram hefur komið hugmynd um að nýta gjafaféð til þess að kaupa hjartastuðtæki og biðla til annarra félagasamtaka um framlög fyrir þeirri fjárhæð sem upp á vantar.

Fleira var ekki rætt,
fundi slitið.